

Stefnuræða Akureyrarstofu 2018

Forseti, góðir bæjarfulltrúar

Stjórn Akureyrarstofu er þannig skipuð að ásamt mér sem er formaður er Sigfús Karlsson frá Framsóknarflokki, varaformaður. Aðrir í stjórn eru Anna Hildur Guðmundsdóttir frá L-lista, Hildur Friðriksdóttir frá Vinstri Grænum og Eva Hrund Einarsdóttir frá Sjálfstæðisflokki. Auk þess er Eva Dögg Fjölisdóttir áheyrnarfulltrúi frá Bjartri Framtíð.

Þórgnýr Dýrfjörð er deildarstjóri Akureyrarstofu, sem er hluti af Samfélagssviði sem er stýrt af Kristni J. Reimarssyni.

Á Akureyrarstofu starfa þrjár verkefnastjórnar, hver á sínu sviði; menningarmála, markaðs- og kynningarmála og ferðamála. Verkefnastjórnun vegna viðburða dreifist nú á alla verkefnisstjóra Akureyrarstofu og deildarstjóra í stað þess að vera á höndum hvers og eins eins og áður var. Að auki heyrta yfirmenn Amtsbókasafnsins, Héraðsskjalasafnsins, Listasafnsins og Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna til stjórnendateymis Akureyrarstofu.

Samkvæmt samþykktum Akureyrarstofu eru helstu verkefni stjórnar:

- að stuðla að öfluglu starfi í málaflokkum sínum og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við
- að efla og samræma kynningar- og markaðsmál Akureyrarbæjar
- að hafa eftirlit með rekstri stofnana Akureyrarbæjar sem starfa á verksviði hennar
- að fylgjast með starfsemi stofnana og félaga er njóta styrkja stjórnar Akureyrarstofu
- að líta eftir að til séu sem gleggstar upplýsingar um verkefni stjórnarinnar og að upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er séu aðgengilegar á einum stað fyrir bæjarbúa, ferðafólk og aðra
- að hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gerðir eru við ráðuneyti um samstarf ríkisins og Akureyrarbæjar um málefni á verksviði stjórnarinnar
- að skapa samráðsvettvang milli bæjarfélagsins og hagsmunaaðila á verkefnasviði stjórnar Akureyrarstofu.

Þessu til viðbótar eru atvinnumál á könnu Akureyrarstofu eftir að atvinnumálanefnd var lögð niður.

Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa er tengiliður Akureyrarbæjar við þá aðila sem annast ferða-, þróunar- og markaðsmál í nágrenni Akureyrar, s.s.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, flugklasann AIR66 og eftir atvikum Eyþing.

Í samstarfssamningi Samfylkingar, Framsóknarflokksins og L-listans um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Akureyrar árin 2014 – 2018 eru eftirfarandi atriði tiltekin á verksviði Akureyrarstofu, sem á að vinna að á kjörtímabilinu:

- Efla markaðsrannsóknir og markaðssókn í ferðaþjónustu allt árið
- Stuðla að atvinnufrumkvæði á öllum sviðum
- Skapa umhverfi með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum
- Beita sér fyrir öflugum millilandaflugum allt árið
- Marka skýra stefnu í málefnum Norðurslóða
- Auka vægi lista og menningar í skólastarfi og uppeldi barna
- Efla lista- og menningarstarf
- Styðja við uppbyggingu menningar sem atvinnugreinar
- Auka samstarf og samrekstur menningarstofnana
- Tengja betur menningarstofnanir og skólastarf
- Hefja undirbúning að stofnun listaskóla barna og unglunga
- Ljúka byggingu Listasafnsins

Nokkrum þessara verkefna er sinnt samkvæmt ferðamálastefnu, sem samþykkt var 2016 og atvinnustefnu sem samþykkt var árið 2014. Sum þessara verkefna eru þess eðlis að að þeim er stöðugt unnið, önnur er hægt að haka við að sé lokið eða verði lokið. Þar ber auðvitað listasafnið og nýr samningur við Menningarfélag Akureyrar hvað hæst. Ég leyfi mér að trúá því að listasafnið muni breyta Gilinu mikið og að það verði ekki samt eftir. Bæði vegna þeirrar öfluglu starfsemi sem þar mun fara fram og einnig varðandi líf í kringum kaffihúsið og breytingu á ásýnd með glæsilegu og uppgerðu húsi. Samningurinn við MAK mun efla atvinnustarfsemi í menningargeiranum svo um munar. Öðrum verkefnum er meira sinnt með nokkurs konar eftirlits- og stuðningshlutverki Akureyrarstofu, t.d. varðandi Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Ég minntist á það í ræðu minni í fyrra og í hitteðfyrra að ég teldi nauðsynlegt að sameina rekstur Eyþings, Atvinnuþróunarafélagasins og Markaðsskrifstofunnar, helst með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Mig langar þó til að brýna bæjarstjórn enn og aftur, því eftir því sem tíminn líður verð ég sífellt sannfærðari um nauðsyn þess. Ég held að hindranir í að sameina, sem aðallega eru mismunandi starfssvæði, megi auðveldlega leysa með samningum. Sameinað félag sem tæki yfir starfsemi þessara þriggja yrði mun öflugra baráttutæki fyrir Akureyrarbæ og Norðurland allt heldur en þau megna nú hvert í sínu lagi. Það þarf áræðni til að ráðast í breytingar og hana má ekki skorta þegar markmiðið er skýrt, þó að vegurinn framundan sé ekki að öllu leyti greiðfær. Akureyrarbær verður að hafa frumkvæði að þessu og gera það sem þarf til að hrinda ferlinu af stað. Auðvitað í samráði við önnur sveitarfélög sem að þessu koma, en Akureyrarbær hefur hikað of lengi að mínu mati. Málið hefur verið skoðað af Rannsóknarstofnun Háskólans hér á Akureyri og myndin sem þar var dregin upp var býsna skýr, þó svo að þar hafi ekki komið fram bein afstaða, enda ekki til þess ætlast af skýrsluhöfundum.

Menningarmál

Í byrjun þessa árs var gengið frá samningi milli Akureyrarbæjar og Menningarfélags Akureyrar, MAK. Samningurinn gildir til næstu þriggja ára og markar lok tilraunatímabils frá því að MAK var stofnað og látið reyna á samrekstur félaga sem standa að Menningarfélagi Akureyrar; Menningarfélagsins Hofs, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar. Samstarf félaganna þriggja sem standa að MAK hefur gengið vel og kostir þess að hafa þennan hátt á eru ótvíræðir.

Nýr samstarfssamningur Akureyrarbæjar og ríkisins um menningarmál er í burðarliðnum og er því sem næst tilbúinn til undirritunar. Samkvæmt honum hækka framlög ríkisins árlega um 23 m.kr. auk þess sem gert er ráð fyrir að framlögin verði verðbætt á gildistímanum. Í því felast veruleg tímamót og fyrsta sinn sem það næst fram. Hugmyndalegur grunnur undir samninginn er líka styrktur en í honum segir m.a. í markmiðskafla að einn tilgangur hans sé að „styrkja þá innviði sem felast í öfluglu menningarstarfi og fjölbreyttum menningarkostum fyrir íbúa og listafólk, leggja ríki og bær sín lóð á þær vogarskálar að efla búsetukosti á Norður- og Austurlandi.“ Það kemur heim og saman við þá hugmynd að gott menningarstarf sé nauðsynlegur þáttur í hverju eftirsóknarverðu samfélagi. Í síðustu tveimur menningarsamningum hafa framlög ríkisins hækkað úr 138,2 í 195 m.kr. á ári og er það veruleg bót.

Aukin fjárframlög ríkisins til menningarstarfsemi ásamt verulega auknum framlögum Akureyrarbæjar til MAK, gera það loksins mögulegt aftur fyrir LA að hafa fastráðinn leikhóp. Enn mun auðvitað þurfa að berjast fyrir auknum framlögum frá ríkinu til að jafna stöðuna gagnvart þeim stofnunum sem ríkið fjármagnar í Reykjavík, en þetta er góður áfangasigur. Hann má án efa þakka þeirri baráttu sem bæði Akureyrarstofa og eins MAK stóðu í með miðlun upplýsinga, en auðvitað lögðust fleiri á árárnar, bæði bæjarstjórn og bæjarstjóri.

Rekstur MAK er nú í öruggum höndum og upplýsingum um hann er miðlað reglulega til bæði stjórnar Akureyrarstofu og fjármálastjóra bæjarins. Um það eru reyndar skýr ákvæði í nýjum samningi.

Í fyrra var umgjörð um sumarhátíðir á Akureyri endurskoðuð, m.a. með því að standa fyrir fundi með hagsmunaaðilum og almennungi. Eftir þá vinnu var ákveðið að breyta til, og gekk það vel sl. sumar. Hátíðirnar í sumar verða því haldnar með líku sniði og í fyrra og nýtist sú vinna sem þá var farið í einnig fyrir sumarið í ár og etv. eitthvað áfram, með því að nota sömu eða svipaðar aðferðir og yfirbragð. Í ár verður því aftur haldin vegleg Jónsmessuhátíð sem stendur í einn sólarhring með þéttri og líflegri dagskrá. Listasumar er nokkurs konar vörumerki eða samnefni fyrir listviðburði í júlímánuði og þá geta þeir sem standa fyrir viðburðum notið aðstoðar og kynningar frá Akureyrarstofu. Akureyrarvaka verður á sínum stað og með líku sniði og í fyrra.

Ferða- og markaðsmál

Eins og áður hefur verið getið var ný ferðamálastefna samþykkt á árinu 2016.

Stefnan er hnitmiðuð og henni fylgir verkefnalisti fyrir yfirstandandi ár þar sem tilgreint er hvaða verkefni á að vinna og hver ber ábyrgð á að þau gangi eftir. Verkefnalistinn verður endurnýjaður árlega í tengslum við fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Einnig fylgir ferðamálastefnunni samantekt með tölulegum upplýsingum, sem nýtist til að mæla árangur af stefnunni og það er Akureyrarstofa sem ber að mestu ábyrgð á eftirfylgni með hinni nýju ferðamálastefnu.

Stjórn Akureyrarstofu hefur reynt að forgangsraða verkefnum í aðgerðaráætlun ferðamálastefnunnar og skipt verkefnum niður á ár. Fyrir árið 2018 eru eftirtalin verkefni sett á oddinn;

- Grímsey, námskeið og vinnustofur. Akureyrarstofa sótti um styrk í Uppbyggingasjóð fyrir þetta verkefni sem fékkst á þessu ári. Það gengur út á að halda námskeið varðandi hönnun minjagripa sem framleiddir yrði í eyjunni.
- Bætt aðstaða á tjaldsvæðinu í Grímsey.
- Aukinn markaðssetning á sérstöðu Grímseyjar. Akureyrarstofa sótti um og fékk styrk í þetta verkefni frá Uppbyggingarsjóði á þessu ári.
- Hrísey. Þróuð verði og kynnt aðstaða fyrir fundi og samkomur í eyjunni.
- Í öllu kynningarefni sem Akureyrarbær sendir frá sér verði reynt að koma á framfæri áherslum sveitarfélagsins á umhverfisgæði og umhverfismál.
- Flokkunartunnur verði settar á fjölförnum leiðum.
- Settur á fót ráðstefnuklasi sem hefur það að markmiði að efla stærri fundi á Akureyri og fjölga þeim. Þetta er samstarfsverkefni Akureyrarstofu, MAk og Markaðsstofu Norðurlands.
- Markvisst verði unnið að stuðningi við nýsköpun og hvatt til aukinnar vöruþróunar á sviði ferðaþjónustu á Akureyri.
- Þróun á sumarafþreyingu á Akureyri og aukin áhersla á Hlíðarfjall sem einn af helstu seglum Akureyrar allt árið. Von er á skýrslu frá Hlíðarhrygg ehf núna á allra næstu dögum um mögulega úthýsingu á rekstri Hlíðarfjalls en inn í þeim hugmyndum er einmitt lögð áhersla á heilsársstarfsemi í fjallinu.
- Akureyrarbær setji sér á hverjum tíma stefnu um hvaða viðburði mest áhersla er lögð á m.t.t. þátttöku í framkvæmd og markaðssetningu.
- Bæjarstjórn þarf að halda áfram að beita þrýstingin á ríkið vegna endurbóta á Akureyrarflugvelli.

Það er gaman að segja frá því að Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann ferðavenjukönnun á Akureyri síðasta sumar og var það m.a. gert að áeggjan Akureyrarstofu. Niðurstöðurnar eru um margt athyglisverðar. Í inngangsupplýsingum kemur fram að áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Eyjafirði hafi vaxið úr 151.000 árið 2010 í 459.000 árið 2016 og áætlað er að

Þeir hafi verið um 565.000 á Akureyri árið 2017. Það er ljóst að þessi aukni fjöldi hefur haft mikil áhrif á þróun ferðapjónustu hér á Akureyri og í nágrenni og það er einnig ljóst að í þessum mikla fjölda felast gríðarmörg tækifæri. Þá kom fram að Hvalaskoðun óx afgerandi langmest í Eyjafirði milli ára 2016 og 2017 eða um 37% á sama tíma dróst hún saman um 4% á Faxaflóa. Of langt mál er að fara í allar niðurstöður hér en gistihlutfall ferðamanna er hér um 50% sem er með því hærra sem gerist utan höfuðborgarsvæðisins ef frá er talin Höfn í Hornafirði. Mig langar að nefna sérstaklega að 77% gesta Akureyrar höfðu tekið ákvörðun um að heimsækja bæinn áður en þeir héldu af stað í ferðalagið til Íslands – og má hafa það til marks um að Akureyri er með sterkari áfangastöðum landsins. Til samanburðar má geta þess að hlutfallið er 78% í Reykjavík og 30% í Borgarnesi. Þetta eru afar ánægjulegar vísbendingar um að hugmyndin um Akureyri sem sjálfstæðan áfangastað en ekki viðkomustað sé að styrkjast.

Kynningarmál - upplýsingastefna

Í nokkurm tíma hefur legið fyrir að Akureyrarbær þurfi að móta sér sérstaka stefnu í upplýsingamálum. Í upphafi árs samþykkti bæjarráð að fela stjórn Akureyrarstofu að vinna málið áfram og var samþykkt á fundi stjórnar þann 18. janúar að skipaður yrði vinnuhópur með fulltrúum frá hverju sviði sem myndi vinna slíka stefnu. Átti hópurinn að skila af sér drögum fyrir þann 1. apríl sl. Á fundi í síðustu viku voru kynnt drög að stefnunni og munu þau verða send út til annarra nefnda til umsagnar. Í upphafi gerðum við ráð fyrir að stefna fyrir vefi bæjarins yrði hluti upplýsingastefnunnar en nú sýnist okkur að skýrara og markvissara sé að gera sérstaklega grein fyrir vefstefnu og verklagi við þróun og nýtingu þeirra í sér stefnu.

Kynningar- og markaðsmál eru kannski rauði þráðurinn í eða það sem sameinar starfsemi Akureyrarstofu. Öll önnur verkefni tengjast í gegn um kynningarmálin. Um síðustu áramót varð formlega sú breyting að vefstjórn á vef Akureyrarbæjar akureyri.is fluttist til stjórnsýslusviðs en vefstjórn á visitakureyri.is verður áfram hjá Akureyrarstofu sem og ritstjórn fréttu á akureyri.is.

Akureyrarstofa kemur að gerð ýmiskonar útgáfu kynningarefnis á sviði ferðamála og kynningar á Akureyri útávið og innávið, þar með talið Ársskýrslu Akureyrarbæjar. Jafnframt annast Akureyrarstofa almannatengslahlutverk, eins og að semja fréttatilkynningar og koma málstað Akureyrarbæjar til skila sé þess þörf.

Fjármál

Málaflokkar þeir sem heyra undir stjórn Akureyrarstofu eru ekki umfangsmiklir í samburði við þá stærstu sem sveitarfélagið hefur með höndum. Þannig er áætlað að til menningarmála fari úr bæjarsjóði á yfirstandandi ári um 782 m.kr. en þá er þess að geta að um 430 m.kr. af því fara í innri húsaleigu og lausafjárleigu til Fasteigna Akureyrarbæjar og 353 m.kr. til annars rekstrar.

Málaflokkurinn næstum tvöfaldaðist í umfangi þegar Hof var tekið í notkun á sínum tíma en megin hluti þess umfangs er húsaleiga af því glæsilega mannvirki. Eiginlegur vöxtur í framlögum beint til menningarstarfsemi hefur lítill sem engin verið síðan um hrun. Á því varð umtalsverð breyting með áðurnefndum nýjum samningi við MAK þar sem ríki og bær bættu ríflega 50 m.kr. í framlög sem renna öll til eflingar skapandi starfs en ekki til reksturs steinsteypu.

Til atvinnumála eru ætlaðar um 173 m.kr. á yfirstandandi ári en í þeim málaflokki er innri leiga engin. Inn í þessari fjárhæð er allur rekstur Akureyrstofu og stjórnar Akureyrarstofu.

Akureyrarstofa hefur umsjón með Skáldahúsunum og fleiri eldri húsum í eigu bæjarins. Á síðasta ári voru samþykktar nýjar viðmiðunarreglur vegna afnota af Laxdalshúsi, Friðbjarnarhúsi og Gudmands minde eða Gamla spítala. Þau tvö fyrr nefndu voru auglýst og leigð út skv. nýju reglunum og það þriðja hafði áður verið ráðstafað undir starfsemi Afllins hér á Akureyri. Þá var og farið í skoðun á því hvernig best væri að nýta Sigurhæðir sem hafa nýst fremur illa undanfarin ár. Niðurstaðan varð að breyta þeim í rithöfundasetur. Stofnsetning þess er nú í undirbúningi og vonir standa til að það geti hafið starfsemi í haust en endurbótaframkvæmdir standa nú yfir á húsinu. Á síðasta ári var jafnframt tekin ákvörðun um að hætta nýtingu Rýmisins eða Dynheima og umhverfis- og mannvirkjasviði falið að selja húsið sem og var gert. Með því að nýta betur eða selja hús sem nýtast illa má mögulega auka fé til eiginlegrar starfsemi það er því brýnt að vera vakandi á þessu sviði.

Atvinnumál

Á síðasta ári var gengið frá samkomulagi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um rekstur frumkvöðlaseturs og tekið var á leigu húsnæði undir starfseminum á áberandi og góðum stað í Glerárgötu. Setrið hlaut nafnið Verksmiðjan og var opnað formlega þann 18. maí á síðasta ári. Starfsemin hefur farið vel af stað og þeir frumkvöðlar sem þar starfa eru ánægðir með aðstöðuna og stuðninginn frá NMÍ. Hins vegar mætti nýtingin vera mun betri og nú stendur yfir kynningarátak NMÍ á þeim möguleikum sem í aðstöðunni felast.

Akureyrarstofa er tengiliður bæjarins við FAB – lab verkstæðið sem staðsett er í VMA og árlegur stuðningur Akureyrarbæjar við það fer í gegnum stjórn Akureyrarstofu. Samningur um stuðninginn er nú á síðasta ári og framundan er því endurskoðun og að líkindum ný samningsgerð um framhaldið.

Eins og áður efur komið fram þá fluttust atvinnumál aftur til Akureyrarstofu frá atvinnumálanefnd á síðasta ári. Verkaskipti milli AKS og AFE eru enn í mótun en meginlínan hefur verið að sem mest verði á höndum AFE enda eru atvinnuþróun í firðinum og hér í bænum nátengd og Akureyri oftast en ekki lykildreyta í samhengi sveitarfélaganna. Á síðasta ári var þannig tekin ákvörðun um að verkefnið Brotthættar byggðir flyttist til AFE með það að markmiði að nýta samlegð og samnýtingu sem með því fæst fram. Auk þess er það talin

kostur að verkefnisstjóri verkefnisins standi aðeins utan bæjarkerfisins sem honum er oftast en ekki ætlað að ýta á eftir.

Að sinni var tekin ákvörðun um að ráða ekki sérstakan verkefnisstjóra atvinnumála á Akureyrarstofu en láta heldur reyna á hver kjarni verkefna verður þegar ljóst er hvað AFE tekur að sér og hvað er fólgið í hlutverki annarra s.s. NMÍ og jafnvel Eyþings. Því má heldur ekki gleyma að stærsta beina aðkoma AKS að atvinnumálum er í gegnum ferðamál og svo verður að líkindum enn um sinn enda hefur sú vinna reynst farsæl og samvinna við geirann verið með ágætum. Þá má og nefna að eftir stjórnkerfisbreytingar er stjórnun Akureyrarstofu í höndum deildarstjóra, sem hefur minna stjórnsýsluhlutverk en framkvæmdastjóri hafði og getur þá einbeitt sér í auknum mæli að faglegum verkefnum.

Ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn Akureyrarstofu kærlega fyrir samvinnuna, hún er góð og samkomulag í nefndinni er gott. Mál eru yfirleitt afgreidd samhljóða eftir lifandi umræður, stundum kannski full langar, en oftast gagnlegar. Takk fyrir.


Akureyri, 9. apríl 2018

Unnar Jónsson

Nánar um ferðavenjukönnunina sem nefnd er í ræðunni:

<http://www.visitakureyri.is/static/files/2012-VISIT/pdf/ferdavenjur-akureyri.pdf>

Nánar um framlög ríkis til menningarstarfs á Akureyri (ath. að hækkun á árinu 2018 er ekki inni) í samanburði við framlög til eigin stofnana og þróun þeirra. Þó miklar framfarir hafi orðið á síðustu tveimur samningstímabilum þá má enn færa sterk rök fyrir að betur þurfi að gera:



Myndin sýnir m.a. hve hægt fjárveitingar til samningsins hafa þróast á síðastliðnum árum í samanburði við fjárveitingar til margra af eigin stofnunum ríkisins. Hún sýnir í raun einnig hve tiltölulega lágur fjárhæðir er um að tefla í þeim framlögum – í samanburði við stærra samhengi ríkisstofnana í listum á landinu. Hún sýnir líka að að með samkomulagi beggja samningsaðila og hlutfallslega lágum fjárhæðum í frekari aukningu mætti setja enn metnaðarfullri markmið um kraftmikið atvinnustarf utan höfuðborgarsvæðisins. Næsta mynd sýnir þetta enn skýrar:

